

G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurlugvöll.

1. Lendingargjöld.

- 1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.
- 1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða landingargjald sem hér segir:
 - kr. 341.60 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
 - 283.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
 - 248.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
 - 234.30 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. Stæðisgjöld.

- 2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:
- 2.2. Millilandaflug:

Leiga á sólarhring	Væghaf flugvélar
kr. 107.40	Undir 12 m.
— 214.70	12—18 m.
— 312.30	18—24 m.
— 419.70	24—30 m.
— 468.50	Yfir 30 m.

3. Önnur ákvæði.

- 3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:
 - 3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.
 - 3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
 - 3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.
 - 3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
 - 3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.
 - 3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
 - 3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður landingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
- 3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

- 3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 18. nóvember 1970.

Utanríkisráðuneytið, 21. desember 1972

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglugerðar um umferðargjald.

Frá og með 1. janúar 1973 fellur úr gildi reglugerð um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut, nr. 80 23. marz 1966, með breytingu nr. 100 16. maí 1968.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 31. desember 1972 og innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1972.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.